


Valdarán og lítillækkun

„Hann var gripandi um brjóstin á mér eða rassinn,“ segir Guðrún Jónsdóttir um siendurtekna kynferðislega áreitni sem hún varð fyrir í borgarstjórn. → 26



Fengu sér húðflúr
Polendur Roberts hittust í fyrsta sinn. → 24



Fræg gæludýr
Sum dýr fanga meiri athygli en önnur. → 32



Sjálfshatur hollt í hófi
Friðgeir Einarsson gaf listnemum hundrað haldgóð ráð. → 36

UTIBLAINN

Börnin fá ókeypis kakó allar helgar til jóla í Perlunni




GJAFAKORT SMÁRALINDAR

ÓTAL MÖGULEIKAR
Í EINUM PAKKA

OPIÐ TIL 18 Í DAG



SMÁRALIND



„Á þessum tíma vorum við bíun að vera að ræða öldrunarþjónustu í Reykjavík og hvernig mætti bæta hana. En þeir neituðu að hlýða á okkur þótt málefnið væri gott. Það var vegna þessarar fréttar. Nú lægju þeir allir undir grun.“ segir Guðrún um það þegar hún vakti mál sýnilega um kynferðislegri áreitni í borgarstjórn áður en hún lauk afskiptum sinum af stjórnálum. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Hann var grípandi um brjóstin á mér eða rassinn

Dr. Guðrún Jónsdóttir hafði starfað við félagsráðgjöf í tæpan aldarfjórðung áður en hún gekk til liðs við Samtök um kvennaframboð árið 1982 og varð í framhaldinu borgarfulltrúi. Hún tók þátt í stjórnálum af krafti og mótmælti misrétti með eftirminnilegum hætti í borgarstjórn. Stjórnálabáttakan varði í eitt kjörtímabil og var alls ekki áfallalaus því Guðrún varð fyrir kynferðislegri áreitni sem hafði mikil áhrif á hana.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



D. Guðrún Jónsdóttir fagnaði 86 ára afmæli síðasta sumar, hún byr á Selfossi og hefur fylgst með nýlegum byltingum kvenna gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi.

„Mér finnst þetta meiriháttar gott framtak hjá öllum þessum stúlkum. Loksins er komin hreyfing á þessi mál. Hér heima og erlendis. Ég vona að það verði ekki settur hlemmurinn á þetta aftur. Það er nauðsynlegt að halda umræðunni lifandi,“ segir Guðrún.

„Það hafa áður orðið byltingar. Konur koma fram og segja frá. Svo kemur löng þögn. Timabil þar sem ekkert gerist. Ég vona að það verði ekki í þetta sinn. Það er svoltið á okkar ábyrgð að láta þessi mál ekki hverfa af yfirborðinu. Við verðum að vera að gangshardar í því að halda umræðunni gangandi.“

Konur standa saman

Guðrún hefur ekki fylgst með baráttu kvenna á samfélagsmiðlum heldur í gegnum fréttir. „Nú er ég orðin svo fjölgumul, ég kann ekkert á þessa nýju samfélagsmiðla svokallaða. Ég tek ekkert þátt í því og fylgist ekki með því. En ég mynda mér að það sé vettvangur þar sem er hægt að halda gangandi umræðu, stofna hópa og þannig lagað. Ég hef fylgst með í gegnum fréttir. Það sem er óbreytt frá minni tið í stjórnálum er hversu mikilvæg kvennasamstaðan er. Hún

er ofsalega mikilvæg. Átak á bordi við #metoo skiptir mál, þú finnur að þú ert ekki ein. Konur segja hver við aðra: þú ert ekki ein. Ég hef pessa reynslu líka. Ég veit hvað þú ert að tala um. Þessi stuðningur skiptir öllu mál,“ segir Guðrún sem segir að mikil hafi verið gert úr því á niunda áratugnum að konur væru konum verstar. „Betta var viðtekið þá. Að konur gætu ekki treyst öðrum konum af því við værum í svo mikilli samkeppni um hylli karla. Betta var og er rangt. Við höfum margsannanum það. Við konur stöndum saman og eignum fullt af sameiginlegum hagsmunum þó að staða okkar í samfélagini sé mismunandi.“

Kvenfyrirlitning í borgarstjórn
Guðrún ákvæð að fimmtíugsaldi að taka sæti á lista Kvennaframboðsins og lenti efst á lista. Hún var svo kjörin í borgarstjórn árið 1982. Fram að því hafði hún ekki verið virk í baráttu fyrir réttindum kvenna en í gegnum starf hennar í borgarstjórnarmálum fann hún mjög sterkt fyrir misréttinu og stöðu kvenna í samfélagini. Það var nefnilega lítið mark tekið á því sem hún og stöllur hennar í stjórnálum höfðu fram að færa og þær mættu megnri kvenfyrirlitningu.

„Framboðið var mótmælaðgerð. Við vildum sýna fram á misréttið og veikja athygli á málefnum sem snertu konur en líka samfélagið allt. Síðan myndum við leggja flokkinn niður. Við vorum því kraftmiklar, markmiðið var að breyta samfélagini. Það var svo mikil lif í öllum aðgerðum og við færðum fram mörk mál sem snertu lif kvenna. Stofnaðir voru í kringum þau hópar og tekið til aðgerða. Sumt



EN ÞAÐ ALLRA VERSTA
SEM VID GETUM LENT Í
ER PÖGNIN. EF PÖGGUNIN
NÆR YFIRHÖNDINNI, ÞÁ
HÄTTIR AD HEYRAST Í
KONUM. ÞAÐ ERU STERK
ÖFL SEM MUNU VILJA
PAGGA NÍDUR Í KONUM
NÚNA OG ÝMSAR LÚMSKAR
LEIDIR ERU TIL PESS AD
KOMA ÞVÍ TIL SKILA AD
BEST SÉ AD PEGJA. PESSI
BYLTING NÚNA ER MJÖG
ÓGNANDI FYRI SUMA.
ÞA SEM FINNA SIG SEKA.
EF AD ÞEIR ÞA FINNA TIL
SEKTAR.

lifir enn í dag. Til dæmis Stigamót og Kvennaráðgjöfin. En annað hefur sofnað. Það var fljótegla sem ég fann fyrir því hversu alvarleg kvenfyrirlitning og áreitni gegn konum þeirfist í stjórnálum. Ég fór nú með það í blöðin á sinum tíma þegar ég sat í borgarstjórn. Það vildum við opna umræðuna um kynferðislegri áreitni. Við fengum ekki mikinn meðbyr með því. Samt varð til hópur og við héldum saman nokkrar konur sem höfðum orðið fyrir áreitni. Ég man að einhver blaðamaður hringdi í mig. Hann sagðist vera að velta því fyrir sér hvort kynferðislegri áreitni væri bundin við ákvæðuna vinnustaði. Ég sagði nei. Ég hefði orðið fyrir áreitni í borgarstjórn en trúði að það væri ekki bundið við stétt eða stöðu að neinu leyti. Heldur væri kynferðislegri áreitni fyrirbæri sem konur fylndu fyrir í öllum samfélögum. Það sem birtist var smáklausa, öriltil frétt. Þetta var um það leyti sem ég var að hætta í stjórnálum, rétt áður en ég tók við Stigamótum,“ segir Guðrún frá.

Þótt fréttin hafi verið litil, enginn nafngreindur og lítið sagt, þá brugðust karlkyns vinnufelagar í borgarstjórn illa við. „Á þessum tíma vorum við bíun að vera að ræða öldrunarþjónustu í Reykjavík og hvernig mætti bæta hana. En þeir neituðu að hlýða á okkur þótt málefnið væri gott. Það var vegna þessarar fréttar. Nú lægju þeir allir undir grun. Ég trúði þessu ekki, að þeir gætu virkilega ekki gert skil á milli málefnis og einstaklings.“

Greip í brjóstin og strauk um lærin

En hvar var það sem beitti hana kynferðislegri áreitni? „Bað var Albert Guðmundsson. Ég fékk aldrei frið. Hann setti sig aldrei úr færri. Hann var oft að ganga á eftir mér. Þegar maður fór í kaffi eða mat á borgarstjórnarfundum, þá var hann að eftir manni. Hann var grípandi í brjóstin á mér eða um rassinn. Þetta var svo þrúgandi, það var alveg sama hvernig ég sneri mig út úr aðstæðum eða hvað ég sagði við hann. Ég bað hann um að hætta. Sagði: Þú skalt ekki halda að þetta sé eitthvað sem ég get

hugsáð mér að láta viðgangast. Það dugði aldrei neitt, hann hélt áfram. Hann settist oft við hliðina á mér við matarborð ef það var laust sæti. Hélt áfram að þreifa á lærunum á mér. Á endanum greip ég bara fast í klofið á honum og sagði: Það er best að ég taki upp þína síði. Þá verða það kaup kaups. Það dugði í þessu tilviki. Loksins hætti hann. En þetta var svo yfircengilegt og fókuk á mig.

Það var ekki einu sinni að hann færí leynt með þetta. Það gat frekar litið út eins og það væri eitthvert samband á milli okkar. Það fannst mér slæmt. Ég var svona frekar hlédræg manneskja. Mér fannst ekki gott að vera með upphrópari og læti. Ég hélt að hann myndi hættu því það var alveg ljóst að þetta var ethvað sem ég vildi alls ekki. En hann létt ekki segjast þar til ég greip til þessa örprifaráðs. Það er óviðunandi að purfa að grípa til svona ráða.“

Mættu sem fegurðardrottningar á borgarstjórnarfund

Kvenfyrirlitningin tökk á sig ýmsar myndir. Var nánast viðstöðulaus að sögn Guðrúnar. Konum í floknum var brugðið þegar Davið Oddsson ávarpaði fegurðardrottningar á Broadway árið 1985 og talaði niður til samstarfskvenna sinnar í borgarstjórn. Þær ákváðu að taka til aðgerða.



7. júlí, 1985 á fundi borgarstjórnar. Kvennaframboðskonur mæta í fundarsal sem skráddar fegurðardrottningar. Magdalena Schram (ungfrú spök) og Guðrún Jónsdóttir (ungfrú meðfærileg). Sigurður Guðmundsson t.v. MYND/VILHJÁLMUR H. VILHJÁLMSSEN

„Við höfðum auðvitað það markmið í Kvennaframboðinu að grípa til aðgerða þegar færí gafst. Reyna að varpa nýju ljósí á atburði og stjórmál. Davið Oddsson ávarpaði fegurðardrottningar á Broadway. Frá þessu var sýnt í sjónvarpinu og ræðan opinber. Honum fannst hann ábyggilega vera mjög fyrindinn þegar hann sagði eitthvað að þá leið að ef Kvennaframboðskerlingar væru jafn fallegar og þær, þá hefði ekki þýtt fyrir sig að ná í borgarstjóristólinn. Þetta fannst okkur yfircengilegt. Í garð okkar og í garð fegurðardrottninganna. Að hlutgera okkur allar með þessum hætti. Við hugsuðum okkur um, hvernig við gætuðum eiginlega mætt honum. Það þýddi ekkert að rökræða við hann. Það höfðum við margreynt, við ákváðum að gera eitthvað sem sýndi faráleikann í örðum hans. Fegurðardísaflokkinn sem gæti skákað honum annað en við óskubuskurnar sem ættum að halda okkur til hlés. Þá

duttum við niður á þetta, að klæða okkur upp sem fegurðardisir. Ég og Magdalena Schram vorum fulltrúar í borgarstjórn á þessum tíma. Ingiþjörg Sólrún var í fæðingarorlofi. Ég fókuk lánadán kjól hjá mömmu Möllu, úr satini. Afskaplega flottan. Svo bjuggum við okkur til kórónur úr álpappír og náðum okkur í borda eins og fegurðardrottningar bera. Svo voru ellefu stelpur uppi á pöllunum í svona munderingu. Ég var með borda sem á stóð: Ungfrú meðfærileg,“ segir Guðrún og hlær við minninguna enda varð allt kolvitlaust á fundi.

Sagðar vitlausar og óframþærilegar

„Við léttum ekkert vita af þessu. Hringdum ekki í fjölmöldu eða neitt slikt. Karlarnir í borgarstjórn vissu ekki hvaðan að stóð veðrið. Svo fór ég upp í pontu áður en fundurinn byrjaði til að útskýra að við ætluðum



Það allra versta sem við getum lent i er þögnin. Ef þöggunin nær yfirhöndinni þá hættir að heyrast í konum. Það eru sterkt ofl sem munu vilja þagga niður í konum núna,“ segir Guðrún. FRÉTTABLAÐID/ANTON

að reyna að hegða okkur á þessum fundi bæði í últli og framkomu með þeim hætti að fara í spor þeirra kvenimunda sem borgarstjórin leit góðu auga og vildi hafa í kringum sig. Við þóttumst svo ekki geta tekið afstöðu í nokkru máli og höguðum okkur eins og viljalausar brúður. Davið var orðinn fokvondur. Sá ekkert fynnidil við þetta og fannst við sýna borgarstjórn óvirðingu,“ segir Guðrún en í dag væri auðvitað tiðarandinn þannig að öllum væri ljóst að óvirðingu væri þess sem léti orð sem þessi falla.

„Davið var ofboðslega einrásur maður og hans máti að umgangast þá sem voru ekki í hans flokki var að niðurlægja. Hæðast að. Ég tala nú ekki um kerlingar eins og okkur. Hann kom inn á útlit okkar. Við værum ekki framþærilegar, vitlausar. Við kynnum ekki neitt og við ættum bara að vera heima.“

Salirólegur

Ræddi hún við Albert um þetta eftir að Sýndi hann iðrun? „Nei, hann var salirólegur með þetta. Eins og þetta væri sjálfssagður hlutur. Eins og það væru engin landamæri. Eins og hann hefði vald til að meðhöndla þá í kringum hann eins og hann vildi. Framkoman lýsti virðingarleysi í garð fólk. Þegar maður er beittur kynferðislegri áreitni þá er maður sviptur óryggis tilfinningu, sjálfsvirðingu og valdi yfir eigin persónu. Þetta er bara valdarán og lítlækkin,“ segir Guðrún ákveðin og segir konum mikilvægt að taka sér aftur þetta vald sem þær hafi verið rændar með lítlsvirðingu og kynferðislegri áreitni.

„Við verðum að hafa til þess úthald. Aldrei að gefast upp. Samstáða er eina leiðin. Við vinnum þetta ekki ein og ein. Ef að það er aðferðafræðin þá byrjar innlimunin í karlaklúbbinn. Þá samþykka konur þennan heim og þessa fyrirlitningu. Það er ósköp eðilegt ef sjálfsvirðing kvenna er ekki traust. Það er skiljanlegt því þetta er erfið baráttu. Við erum margar brotnar. Ef maður er ekki með gott bakland og góðan stuðning í kringum sig þá er úti um mann.“

Mótþyrrinn

Hún segist skilja hvers vegna fáar konur endast í pólitik. Hennar reynsla var að móþyrrinn reyndist of mikill, þá preytist konur. „Það helst margar konur úr lestinni á þessum tíma. Þegar farið var að líða á kjör-tímabilið voru fáar eftir. Það var svo mikill mótbýr. Maður kom nánast engu máli í gegn. Allt brýn mál sem skiptu máli. Við tókum alltaf fjarhagsáætlunina og sömduðum hana upp á nýtt. Með okkar forgangi, forgangs-röðuðum óðruvisi. Það var augsýnilegt að hægt var að ráðast í okkar málefni. En þetta var ekki góð reynsla. Maður sat eftir með þá tilfinningu að þetta ætti ekkert skylt við lýðræði. Þetta var eins og leikrit, þessir borgarstjórnarfundir. Það voru haldnar ræður en það var vitað löngu áður en fundirnir voru haldnir að mál fengju afgreiðslu inni í meirihlutanum.“

Verst er þögnin

Og nú þegar Guðrún lítur til baka. Öll þessi ár. Þá finnst henni sorglegt



**VIÐ EIGUM ÖLL AD FÁ
TÆKIFÆRI TIL ÞESS AD
NOTA EIGINLEIKA OKKAR
TIL AD GERA ÞAÐ SEM
OKKUR LANGAR TIL. VIÐ
VERDUM AD HORFAST Í
AUGU VID ÞAÐ AD ÞANNIG
ER ÞAÐ EKKI Í DAG. FRELS-
ID ER EKKI TIL STAÐAR OG
FYRIRMYND STRÁKA MÁ
EKKI VERA ÞESSI GAMLI
ÞÖGLI KARLMAÐUR SEM
FER Á HNÚNUM Í GEÐNUM
LÍFIÐ. Því VERÐUR AD
LINNA.**

hversu litið hefur í raun áunnist hvað varðar kynferðislega áreitni, kvenfyrirlitningu og ofbeldi.

„Mér finnast þetta átakanlegar sögur af kynferðislegri áreitni og fyrirlitningu. Til dæmis af þessum ungu stulkum og hvernig flokksfélagar þeirra komu fram við þær þegar þær voru að fara í prófkjör. Að enn þann dag í dag ráði ekki málefni heldur séu konur látnar trúá því að þær þurfi að njóta velvilja einhverra karla. Þeir veit að það verða fleiri byltingar. En það allra versta sem við getum lent í er þögnin. Ef þöggunin nær yfirhöndinni, þá hættir að heyrast í konum. Það eru sterkt ofl sem munu vilja þagga niður í konum núna og ýmsar lúmskar leiðir eru til þess að koma því til skila að best sé að pégia. Þessi bylting nána er mjög ógnandi fyrir suma. Þá sem finna sig seka. Ef þeir þá finna til sektar.“

Nú heyrast þær raddir að það eigi ekki að vera að rifja upp gömul mál. Nú séu breyttir timar. Hvað finnst þér þegar þú heyrir svona lagð? „Þetta eru ekki gild rök. Það sem hefur verið gert er rangt og meiðandi og má ekki liggja í þagnargildi. Við verðum að ræða þessa hluti og hjálpa bæði strákum og stelpum að átta sig á því hvað er í lagi og hvað er ekki í lagi. Hvað meiðir og hvað meiðir ekki. Strákur fá svo hryllingslega ruglingsleg skilaboð um hvað felst í því að vera karlmaður. Með því eru þeir rændir lífsgæðum og hammingju. Það er örugglega svolitið flókið að vera strákur í dag og horfa upp á þessa umræðu alla.“

Við eignum öll að fá tækifæri til þess að nota eiginleika okkar til að gera það sem okkur langar til. Við verðum að horfast í augu við það að þannig er það ekki í dag. Frelsid er ekki til staðar og fyrirmynd stráka má ekki vera þessi gamli þögli karlmaður sem fer á hnúnum í gegnum lífið. Því verður að linna.“



Aðalfundur Golfklúbbs Reykjavíkur 2017

verður haldinn í Golfskálanum Grafarholti þriðjudaginn 5. desember kl. 20:00

Dagskrá:

- Í upphafi aðalfundar skal kjósa sérstakan fundarstjóra og ritara eftir tilnefningu.
- Skýrsla formanns.
 - Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
 - Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
 - Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna um lagabreytingar ef einhverjar eru.
 - Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
 - Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár.
 - Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
 - Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
 - Önnur málefni ef einhver eru.

Virðingarfyllst, stjórn GR